

Krossanes hf, Akureyri
Krossanesbraut
603 Akureyri

Akureyri, 25. maí 2020
UST202003-102/G.S.Á.
08.14.02

Reglubundið eftirlit, 30.04. 2020, hjá fiskeldisstöðinni Krossanes hf.

Þann 30. apríl sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöðina Krossanes, Eyjafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar komu fram.

Virðingarfyllt

G. Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Arnadóttir
sérfræðingur

Hulda S. Jónsdóttir
Hulda Soffía Jónsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Krossanes Eyjafjörður



Dags eftirlits	30.4.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Krossanes	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Glerárgata 30	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	531000-2420	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	531857,861 605074,668

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 1. desember 2017 en sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi og er það í vinnslu hjá eftirlitsaðila.

Engar eldiskvívar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti, þann 15. nóvember 2016. Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Litið var yfir kvíastæði fiskeldisins þann 28. apríl sl., bæði staðsetningu 1 og staðsetningu 2 sem eru innan og utan við Hauganes í Eyjafirði, um 1.000m frá landi, með tveggja kílómetra fjarlægð á milli staðsetninga. Hnit staðsetninga koma fram í starfsleyfi. Í starfsleyfinu var heimild fyrir eldi á 2.000 tonnum af þorski á ári en hefur starfsemi aldrei hafist á þessu starfsleyfi.

Veður var gott og skyggni með ágætum. Engar kvíar sáust á svæðinu og enginn rekstur merkjanlegur.

Rekstraraðili sendi inn umsókn, til endurnýjunar leyfis þann 7. júlí 2017. Óskað var eftir því í október 2018 að málið færi á bið á meðan frekari gagna væri aflað. Með tölvupósti þann 7. maí sl. óskaði rekstraraðili eftir því að fá að halda málinu á bið eitthvað áfram og hefur það verið samþykkt, enda sé engin starfsemi á svæðinu og hefur rekstraraðili verið minntur á að óheimilt sé að hefja starfsemi fyrr en nýtt leyfi hefur verið gefið út.

Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti í símtali þann 30. apríl sl. að ekkert fiskeldi er í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins og hefur ekki verið frá því að leyfið var gefið út.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Rekstraraðili hefur tilkynnt um að engin starfsemi hafi verið á svæðinu frá síðasta eftirliti og því er ekki um töluleg gögn í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi að ræða fyrir árið 2019 og telst tilkynning rekstraraðila sem fullnægjandi skil.

Minnt er á að starfsleyfið er útrunnið og því ekki heimilt að hefja starfsemi á svæðinu fyrr en nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út fyrir starfsemina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.05.2020


Guðbjörg Stella Árnadóttir